

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Stykkishólmskaupún.

23

1. apríl

I. KAFLI**Stykkishólmshöfn.****1. gr.**

Stykkishólmshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr svonefndum Baulutanga beina línu í Hvítabjarnarey, þaðan beina línu í Þórisbólma, þaðan beina línu í Böllusker og þaðan sjónhending í Lundaklett.

II. KAFLI**Hafnar- og bryggjugjald.****2. gr.**

Af öllum aðkomuskipum, 30 smálestum og yfir, hvort sem þau sigla tóm, með seglfestu eða fermd vörum, skal greiða 15 aura af hverri nettó smálest alls farmrúmsins í hvert skipti er þau leggjast á höfnina. Brot úr smálest reiknast sem heil smálest, minnsta gjald þó 5 kr. Skip, sem koma við í báðum leiðum á ferðum sínum til Vestur- og Norðurlandsins, skulu aðeins greiða hafnargjald í annari ferðinni. Sama gildir og um skip, sem koma oftar en í eitt skipti í hverri ferð, sem sigla á Gilsfjörð og Hvammsfjörð.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem ræðir um í 5. grein.

3. gr.

Af öllum skipum undir 30 smálestum nettó greiðist gjald eins og hér segir:

- a. Vélbátar og uppskipunarskip allt að 5 smálestum greiði 5 kr. árgjald. Undanþegnir þessu gjaldi eru aðkomubátar af þessari stærð, sem aðeins eru hafðir í ferðum til heimilisþarfa.
- b. Bátar frá 5 til 12 smál. greiði 3 kr. í hvert skipti, er þeir koma til hafnar eða 10 kr. árgjald.
- c. Vélbátar og skip frá 12 til 30 smál. greiði 5 kr. í hvert skipti er þau koma til hafnar eða 20 kr. árgjald.

4. gr.

Árgjald fyrir stærri skip en 30 smál. nettó, sem heimilisföst eru í Stykkishólmi, sé 3 kr. fyrir hverjar 5 smálestir.

23

1. apríl

5. gr.

Undanþegin hafnar- og bryggjugjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka eða látna.

6. gr.

Þau skip, sem liggja vetrarlangt á Stykkishólmshöfn, skulu greiða í hafnarsjóð: Skip stærri en 50 smálestir nettó 20 kr., skip undir 50 smálestum 10 kr., en til vetrarlegunnar þurfa slík skip að fá leyfi hafnarnefndar.

III. KAFLI

Fjöru- og seglfestugjald.

7. gr.

Skip, sem lögð eru upp í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skulu greiða 8 aura af hverri nettó smálest skipsins, þó aldrei minna en 5 kr

8. gr.

Skip, sem taka seglfestu í landi Stykkishólmskaupþúns, greiði í hafnarsjóð 8 aura af hverri nettó smálest skipsins, þó aldrei minna en 5 kr.

IV. KAFLI

Vörugjald.

9. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem um getur í næstu greinum.

10. gr.

Fyrir vörur, sem ákveðnar eru til umhleðslu samkvæmt farmskrá skipa, og eiga því eigi að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald, þó því aðeins að vörusendingin nemi 2 smálestum.

11. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

12. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikni vörugjalds og er skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins skylt að láta hafnar-verði í té eftirrit af farmskrám skipsins innan sólarhrings eftir komu þess.

23

1. apríl

13. gr.

Hafnarnefnd hefir haldrétt á vörum þeim, sem greiða skal af vörugjald, unz gjaldið er greitt.

14. gr.

Hafnarnefnd sér um innheimtu á vörugjaldinu og reikningsskil fyrir því, og ræður einn eða fleiri menn til að hafa innheimtuna á hendi gegn innheimtu-launum þeim, er um semur.

15. gr.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins innheimta gjaldið að öllu eða nokkru leyti, eftir því sem hafnarnefnd ákveður, og standa skil á því.

16. gr.

V ö r u g j a l d s k r á :

1. fl. Af kolum 1 kr. af hverri smálest.
2. fl. — salti 75 aurar af hverri smálest.
3. fl. — timbri og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, 4 aurar af hverju teningsfeti.
4. fl. — múrsteini og sementssteini 50 aurar af hverjum 100 stk.
5. fl. — stórgripum 1 kr. af hverjum.
6. fl. — sauðfé 25 aurar af hverri kind.
7. fl. — kjöttunnum, síldartunnum, fisktunnum og oliutunnum 30 aurar af hverri tunnu.
8. fl. — ýmsum vörum 20 aurar af hverju stykki, ef aðeins er um 1—3 stykki að ræða til hvers móttakanda.
9. fl. — öllum öðrum vörum 20 aurar af hverjum 100 kg., minnsta gjald þó 20 aurar.

V. KAFLI

Um ljósagjald.

17. gr.

Öll skip yfir 30 smál. nettó, sem ekki eiga heima í Stykkishólmi, en koma til hafnar á tímabilinu frá 15. júlí til 1. júní og hafnargjald greiða, skulu greiða ljósagjald 1 eyri af hverri nettó smálest, þó aldrei lægra gjald en 1 kr.

Undanþegin þessu gjaldi eru þau skip, sem ekki greiða hafnargjald.

VI. KAFLI

Um notkun hafnarbryggjunnar og reglu á höfninni.

19. gr.

Öll skip, sem ætla að leggjast við hafnarbryggjuna, skulu skyld að hlífa bryggjuhöfðinu sjálfu við átökum, en nota aðallega, til að draga sig að, ból þau beggja megin bryggjunnar og hringi í Stykkinu, sem til þess er ætlað. Leiðbeini hafnsögumaður skipi inn á höfn, skal hann skyldur að benda skipstjóra á bólin og hringina, er skipinu sé ætlað að nota til að draga sig að bryggjunni.

20. gr.

Skip hafa rétt til að leggjast að bryggjunni í þeirri röð sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastákeðinni fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau að víkja á burt meðan hin fá afgreiðslu.

Hafnarnefnd ákveður hvar skip skuli liggja fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr vestra horni Súgandiseyjar í svonefndan Fálka.

21. gr.

Sérhver skemmd, sem verður á bryggjunni, áhöldum hennar eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bætt af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá. Aðrar skemmdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af manna völdum, skal að fullu bæta fyrir af þeim, er skemmdunum valda af ásettu ráði eða vangá.

22. gr.

Hafnarnefnd hefir, undir eftirliti hreppsnefndar, alla umsjón með hafnarbryggjunni og áhöldum þeim, er henni fylgja, og er öllum óheimilt að nota þau, nema leyfi nefndarinnar komi til.

23. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, er hafi stöðuga umsjón með bryggjunni og áhöldum hennar, kveður á um starfsvið hans og þóknun.

24. gr.

Seglfestu og ösku má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar og seglfestu má hvergi taka, nema með leyfi landeiganda eða umráðamanns.

VII. KAFLI

23

1. apríl

Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

25. gr.

Gjöld þau, sem talin eru hér að framan, skulu renna í hafnarsjóð Stykkishólmskaupþúns og skal honum eingöngu varið til þess að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru eða verða gerð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

26. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólmshepps kys 3 menn í hafnarnefnd til þriggja ára í senn og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefnd hefir umsjón með að reglugerð þessari sé hlýtt, innheimtir eða sér um að gjöldin til hafnarsjóðs séu innheimt, og stjórnar sjóðnum undir eftirliti hreppsnefndar, enda ber hreppsnefndin ábyrgð á innstæðu hans, eins og öðrum eignum hreppsfélagsins. Hafnarnefnd skal leita samþykkis hreppsnefndar, ef um stærri framkvæmdir er að ræða á hafnarmannvirkjum.

27. gr.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

VIII. KAFLI

Sektarákvæði.

28. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI

Sektarákvæði.

29. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 kr., er renna í hafnarsjóð. Með mál út af brotum á reglugerðinni skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, til að öðlast gildi 15. apríl 1936, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur burtu hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupþún frá 12. apríl 1921.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.